

Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir

Jósúa
tekur við
forystu



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.



Að Móse látnum,
kaus Guð Jósúa sem
eftirmann hans til
að veita Ísraelum
forystu. Áður en
Jósúa útbjó
menn sína
til hernaðar,
varð hann að
undirbúa sig.



Guð hafði lofað Jósúa
velgengni og sigri í
fyrirheitna landinu,
ef fólkið hlýðnaðist
fyrirmælum
Guðs í einu
og öllu.





Ísraelar
hétu því
að fylgja
Jósúa og
fara eftir
lögum Guðs.





Þá sendi
Móse tvo
njósnara inn
í Kanaanland
til að kanna
landið, þó
einkum
Jeríkó.





Þar mundi
fyrsta
orusta
þeirra
eiga sér
stað.





Konungi Jeríkó barst orð um að
ísrælskir njósnarar hefðu sést,
og að þeir héldu til í húsi Rahab.





Hann sendi hermenn sína til að
leyta þeirra. Þegar hermennirnir
börðu á dyrnar, faldi Rahab
njósningarana undir hörstönglum.




Jafnskjótt og
hermennirnir
voru farnir, lét
Rahab mennina
síga í vað út
um gluggann
og út fyrir
borgarmúrinn.




Af hverju hjálpaði hún
njósnurunum?
Hún vissi að
Guð var með
þeim, og vonaði
að Guð mundi
bjarga lífi sínu.
Njósnararnir
lofuðu að
bjarga henni og
fjölskyldu hennar.



Áður en þeir náðu til Jeríkó, urðu Ísraeolar að fara yfir Jórdan til að komast inn í fyrirheitna landið,



Kanaanland. En það var engin brú!
Hvernig áttu þeir að komast yfir?




Guð sagði Jósúa að prestarnir ættu að veita hermönnum og fólkinu forystu, og bera sáttmálsörkina með boðorðunum tíu.




Þegar fætur prestanna snertu vatnið, gerðist stórkostlegt kraftaverk. Guð opnaði þurran göngustíg í gegnum Jórdan.



Með Guðs hjálp komst allt fólkið yfir ána heilu og höldnu. Jósúa lét fólkið taka tólf steina upp úr miðri Jórdan sem minnismerki fyrir börn þeirra um hinn mikla kraft og kærleika Guðs. Minnisvarðinn var hlaðinn úr steinunum við Gilgal.




Borgarmúrar Jeríkó
voru þykkir og
rammbyggðir.





Á meðan Jósúa ráðgerði
orustuna bárust
honum skilaboð frá
Guði til að minna
hann á að Guð
vinnur allar
orustur
fólks síns.





Jósúa fékk furðulegt boð frá
Guði um hvernig hann ætti
að sigrast á Jeríkó.





Hermennirnir áttu að ganga umhverfis borgina einu sinni á dag, sex daga í röð, og sjö sinnum á sjöunda degi.







Síðan að þeyta lúðra sína
og æpa heróp, og þá mundu
múrarnir hrynja til grunna.




Jósúa og hermenn hans gerðu nákvæmlega það sem Guð hafði skipað þeim. Líklegt er að Jeríkóbúar hafi gert grín að þeim.



En eftir sjöunda hring á sjöunda
degi þeyttu þeir lúðrana, og
eins og Guð hafði sagt fyrir

um.....HRUNDI
BORGARMÚRINN
MIKLI TIL
JARÐAR!

7





Hús hennar var eina
húsið á múrnum
sem ekki
eyðilagðist, ...





... en Rahab hafð hengt
purpurarauðann borða
sem njósnararnir
gáfu henni, út
um gluggann.






Eftir að Rahab
og fjölskyldu var
bjargað, brann
Jeríkó upp til
ösku.






Jósúa tileinkaði
öllu gulli, silfri og
öðrum fjármunum
Jeríkó til þjónustu Guðs.






Síðan formælti
hann hverjum þeim
er mundu endurbyggja
þessa syndsamlegu borg.





Fyrr en varði
bárust fréttir um
sigur Jósúa yfir Jeríkó, um
allt Kanaanland. Og allir vissu
að Guð var með fólkinu sínu.



Jósúa tekur við forystu

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jósúa 1-6

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

